



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**SONIA GANDHI OG SAMVINNA ÍSLENSKRA  
OG INDVERSKRA SÉRFRÆÐINGA UM RANNSÓKNIR Á  
HIMALAYAJÖKLUNUM  
PRÓUNARRÁÐ INDLANDS — LEIÐTOGAFUNDIRNIR**

Við lok Delí leiðtogafundarins síðastliðinn laugardag 9. febrúar bauð Sonia Gandhi, leiðtogi Kongressflokksins, forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni til viðræðna á heimili sínu. Hún fagnaði þeim árangri sem náðst hefur með aukinni samvinnu Indlands og Íslands frá því hún kom til Íslands fyrir nokkrum árum sem gestur forseta og frá því þáverandi forseti Indlands dr. A.P.J. Abdul Kalam kom í opinbera heimsókn til Íslands árið 2005.

Sonia Gandhi lýsti miklum áhuga á rannsóknum á eyðingu jökla í Himalayafjöllum en forseti kynnti henni tillögur sem íslenskir sérfræðingar hafa að undanfögnu mótað að frumkvæði forseta. Tillögurnar fela í sér samvinnu íslenskra og indverskra jöklafræðinga með þátttöku sérfræðinga frá öðrum löndum en rannsóknir á Himalayafjöllum hafa verið vanræktar um árabíl. Það er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að bráðnun Himalayajökla vegna loftslagsbreytinga getur leitt til mestu umhverfishörmunga 21. aldar enda er fæðuöflun og vatnsbúskapur um 700 milljóna Indverja háður þessum jöklum.

Á fundi forseta Íslands og Soniu Gandhi kom einnig fram ánægja með árangur Delí leiðtogafundarins sem er þegar orðinn áhrifaríkur vettvangur fyrir víðtækt samráð um sjálfbæra þróun og bætt lífsskilyrði þess meginhluta mannkyns sem býr á suðurhveli jarðar. Alþjóðlegt orðspor dr. Pachauri, stofnanda Delí fundanna, sem nýlega tók við friðarverðlaunum Nóbels, hefur og gefið þeim aukinn sess.

Á lokadegi Delí ráðstefnunnar tók forseti einnig þátt í samráðsfundi um skipulag og áherslur Delí leiðtogafundanna á næstu árum. Lagði forseti til að t.d. 2010 yrði leiðtogafundurinn helgaður efninu „Vatn – Höf – Jöklar. Áhrif á fæðuöryggi og hagkerfi heimsins.“ Breytingar á vatnsbúskap jarðarinnar, þróun heimshafa og bráðnun jökla eru meðal hættulegustu afleiðinga loftslagsbreytinga og því mikilvægt að efla samræður sérfræðinga við áhrifafólk í alþjóðamálum og viðskiptum um þessa mestu ógn 21. aldar. Einnig var á samráðsfundinum rætt um að helga e.t.v. Delí leiðtogafundinn árið 2009 umfjöllun um samningaferlið um nýjan loftslagssamning sem kæmi í framhaldi af Kyoto samningnum. Mikilvægt væri að sérfræðingar, vísindamenn, fulltrúar almennasamtaka og annað áhugafólk gæti látið skoðanir sínar á þessum málum í ljós. Sá leiðtogafundur gæti borið heitið „Frá Balí til Kaupmannahafnar“ en úrslitalotan í samningum mun fara fram í Kaupmannahöfn á næsta ári.

Forseti sat einnig fund í Þróunarráði Indlands sem haldinn var í tengslum við leiðtogafundinn. Þar var rætt um hugsanlegt samstarf við Þróunarráð Kína, en það þróunarráð er líkt og hið indverska skipað auk heimamanna sérfræðingum og áhrifafólki víða að úr veröldinni. Markmiðið væri að gera ítarlega úttekt á þróun þessara tveggja fjölmennustu ríkja heims fram til ársins 2050. Meðal annars yrði fjallað um áhrif aukins hagvaxtar á orkuþörf, fæðuframboð, vatnsbúskap, nýtingu auðlinda og aðra þætti sem munu hafa afgerandi áhrif á hagkerfi heimsins og afkomu alls mannkyns. Þá munu Indland og Kína að öllum líkindum vera orðin helstu drifkraftar í efnahagskerfi veraldar og telja ríflega þriðjung jarðarbúa.

Á fundi Þróunarráðsins var og fjallað um nýjar áherslur í baráttunni gegn fátækt, hvaða leiðir eru vænlegar til að styrkja fæðuöflun og lífsskilyrði þess milljarðs jarðarbúa sem býr við lökust kjör. Þróunarráð Indlands var stofnað í fyrra í tengslum við Delí leiðtogafundinn og sitja í því sérfræðingar og áhrifamenn frá Indlandi og víða að úr veröldinni.

11. febrúar 2008

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*

*Fá má mynd frá fundi forseta með Soniu Gandhi á heimili hennar hjá skrifstofu forseta Íslands.*